

Hverfisráð Hríseyjar

113. fundur

Sunnudaginn, 11. febrúar 2018, kl 16:00 var haldinn 113. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Friðrik Úlfar Ingimarsson, Pétur Ásgeir Steinþórsson og Claudia Werdecker.

Samkvæmt tölvupósti frá Dagnýju Magneu Harðardóttur, forstöðumanni upplýsinga- og þjónustudeildar Akureyrarbæjar, 08. febrúar 2018, kl. 14:36, fékk hverfisráð leyfi til að funda og ræða neðangreinda dagskrána. Kallaðir til voru tveir varamenn vegna vanhæfis Þorgeirs Jónssonar og Kristins Frímanns Árnasonar. Rætt var um afnot af afþreyingar- og ferðamannasvæði AF4 (sbr. aðalskipulag Akureyrar 2018-2030, séruppráttur Hrísey og Grímsey, tillaga í vinnslu), en Kristinn og kona Þorgeirs eiga eitthvað í æðarvarpinu á svæðinu, því eru Kristinn og Þorgeir hagsmunaaðilar. Hermann Jón Erlingsson varamaður er einnig hagsmunaaðili, en hann sótti um áframhaldandi afnot af AF4.

Dagskrá:

1. Aksturssvæði

Hverfisráð vísar í bréf frá Bjarka Jóhannessyni, sviðsstjóra skipulagssviðs, sem barst Hermann Jóni Erlingssyni (2013090248/09-201), en skipulagsráð óskaði eftir umsögn hverfisráðs Hríseyjar um umsóknina. Sótt var um áframhaldandi afnot af svæði í Saltnesi í Hrísey til vélhjólaspótsiðkunar. Hverfisráð bendir á hvorki bein sjón- né hljóðmengun stafar af vélhjólaspótsiðkun á svæðinu, þar sem svæðið er ekki nálægt byggð. Viðstaddir aðilar hverfisráðs eru sammála um að það eigi að gefa leyfi til áframhaldandi afnots af svæðinu.

2. Önnur mál

Önnur mál voru ekki rædd.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 16:40.

Claudia Werdecker
Pétur Ásgeir Steinþórsson
Friðrik Úlfar Ingimarsson

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker